

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2011
R2011110037

Alþingi
Erindi nr. P 140/112
komudagur 14.11.2011

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt - 62. mál, þskj. 62.

Ríkisskattstjóri hefur þann 10. nóvember 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að sjómönnum verði áfram tryggður sjómannaafsláttur sem verði að færeyskri fyrirmynd um fiskimannafrádrátt. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarp sama efnis hafi verið lagt fram á 139. löggjafarþingi en hafi ekki hlotið afgreiðslu.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri taka fram að með lögum nr. 128/2009 voru ákvæði um sjómannaafslátt felld úr gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2011. Að mati ríkisskattstjóra var sú ákvörðun pólitísk og metur embættið það sem svo að ákvörðun um að endurvekja afsláttinn sé einnig af sama toga og tekur því ekki afstöðu til þess. Ennfremur telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við þá tilhögun á sjómannaafslætti sem er að finna í frumvarpinu enda yrði um tæknilega útfærslu að ræða.

Virðingarfyllt
